

Menntamálanefnd Alþingis  
Alþingi  
150 Reykjavík

## Efni: Umsögn um frumvarp til laga um Lánasjóð íslenskra námsmanna

### I.

Menntamálanefnd Alþingis hefur óskað eftir umsögn Bandalags háskólamanna um frumvarp til laga um Lánasjóð íslenskra námsmanna. Vísað er að hluta til umsagnar fulltrúa bandalagsins á fundi menntamálanefndar 21. apríl sl.

### II. Afstaða Bandalags háskólamanna

Bandalag háskólamanna leggur í fyrsta lagi áherslu á að sú breyting verði gerð á 1. gr. frumvarpsins að Bandalag háskólamanna fái að tilnefna einn fulltrúa í stjórn Lánasjóðs íslenskra námsmanna. Bandalag háskólamanna eru einu heildarsamtök háskólamanna á Íslandi og mikilvægt fyrir samtökin að eiga fulltrúa í stjórn LÍN, þar sem námslán og endurgreiðsla þeirra eru meðal mikilvægustu hagsmunamála háskólamanna. Á það má benda að meðal þeirra aðila sem frumvarpið gerir ráð fyrir að tilnefni fulltrúa í stjórn er enginn fulltrúi þeirra sem eru á hverjum tíma að endurgreiða námslán. Bandalagið telur að hagsmunir þeirra hafi á árum áður oft verið fyrir borð bornir.

Í öðru lagi vill Bandalag háskólamanna benda á að hæpið er að gera ráð fyrir að einstaklingar geti ekki kært úrskurði stjórnar LÍN til æðra stjórnvalds, þ.e. menntamálaráðuneytis, sbr. 2. gr. frumvarpsins. Bandalagið telur mikilvægt að tryggja eðlilegan framgang stjórnsýslulaga nr. 37/1993 og forðast allar óþarfar og órökstuddar undanþágur frá þeim.

Í þriðja lagi telur Bandalag háskólamanna upphæð fastagreiðslunnar í endurgreiðslu námslána vera orðna of háa en nú skv. 5. gr. frumvarpsins kr. 52.968 og skal breytast árlega með vísitölu neysluverðs. Þessi háa fastagreiðsla var raunar tekin upp með lagabreytingunni 1992 og þá sett í kr. 48.000. Þeim mun hærri sem fastagreiðslan er þeim mun þyngri verður lágmarksendurgreiðsla til LÍN. Með öðrum orðum, má segja að þeir einstaklingar sem hafa lægri árstekjur en u.þ.b. 1.1 milljón borgi hærra hlutfall af tekjum en aðrir. Þannig myndi t.d. hjúkrunarfræðingur eftir 4 ára háskólanám í fullu starfi en án aukatekna væntanlega greiða um 4,67% af tekjum sínum til LÍN. Ef að hjúkrunarfræðingur væri í hálfu starfi og án aukatekna, myndi hann hins vegar greiða 8,29% af tekjum sínum. Þessi háa fastagreiðsla kemur án vafa illa við tekjulægri hópana innan Bandalags háskólamanna, ekki síst konur, sem eru t.d. í hlutastarfi vegna fæðingar og umönnunar barna. Bandalagið leggur til að fastagreiðslan verði færð til fyrra horfs og lækkuð um helming eða í kr. 26.000.

Í fjórða lagi má lýsa áhrifum nýju endurgreiðslureglunnar í 2. mgr. 5. gr. frumvarpsins með meðfylgjandi töflu sem byggir á ævitekjulíkani bandalagsins. Þar sést að lækkun hlutfallstölunnar úr 5-7% í 4,75% þýðir lengingu á endurgreiðslutíma fyrir félagsmann bandalagsins í fullu starfi en án aukatekna, þannig að við 68 ára aldursmark hefur hann enn ekki lokið endurgreiðslunni (hefur greitt 2,8 af um 3,8 milj. kr.). Í núgildandi kerfi myndi þessi einstaklingur hins vegar ljúka mun erfiðari endurgreiðslu fyrir þessi aldursmörk.

Endurgreiðslan ræðst einnig af vöxtum og þá má skv. gildandi lögum hækka úr 1% í 3%. Ef vextir yrðu hærri en 1% þyrfti að koma til lækkun á endurgreiðsluhlutfalli á móti til að ná fram tilgangi frumvarpsins. Slík ákvörðun myndi þyngja endurgreiðsluna á ný til muna. Gert er ráð fyrir að lækkun á endurgreiðslubyrði taki einnig afturvirk til endurgreiðslna af 1992-lánum. Ber að fagna því.

### **III. Niðurstaða Bandalags háskólamanna**

---

Bandalag háskólamanna fagnar því að nú sé gerð tilraun til að draga úr endurgreiðslubyrði af námslánum. Þetta hefur verið brýnt hagsmunamál félagsmanna bandalagsins. Bandalagið leggur þó áherslu á að 5. gr. frumvarpsins verði endurskoðuð og fastagreiðsla lækkuð til að koma í veg fyrir áframhaldandi óeðlilega þunga endurgreiðslu starfsfólks í hlutastarfi, sem eru einkum konur. Þá leggur bandalagið áherslu á að því verði tryggt sæti í stjórn Lánasjóðs íslenskra námsmanna vegna brýnnna hagsmuna félagsmanna.

Reykjavík, 28. apríl 1997

  
Martha Ásdís Hjálmarsdóttir  
Martha Ásdís Hjálmarsdóttir, formaður

Samanburður á áætluðum ævitekjum félagsmanna VR, ríkisstarfsmanna innan Bandalags háskólamanna og verkfræðinga í opinberri þjónustu og á almennum markaði:

	Félagsmenn VR	Ríkisstarfsmenn í BHM Frv. um LÍN	Ríkisstarfsmenn í BHM Núg. LÍN lög	Verkfræðingar í opinb. þjónustu Frv. um LÍN	Verkfræðingar í opinb. þjónustu Núg. LÍN lög	Verkfræðingar á alm. markaði Frv. um LÍN	Verkfræðingar á alm. markaði Núg. LÍN lög
Taxtalaun/dagv. laun	71,100,592	66,012,898	66,012,898	109,305,780	109,305,780	136,010,064	136,010,064
skattar	13,900,405	15,843,347	15,843,347	31,344,426	31,344,426	42,096,212	42,096,212
námslán	0	2,850,765	3,851,747	3,750,694	3,600,097	3,567,642	3,466,134
Nettó laun	57,200,187	47,318,786	46,317,804	74,210,660	74,361,257	90,346,210	90,447,719
Núvirt með 2%	34,574,608	27,074,270	26,500,871	41,335,898	41,253,767	51,395,732	51,334,444
Heildarlaun	99,287,284	93,755,841	93,755,841	144,809,903	144,809,903	155,020,460	155,020,460
skattar	25,249,043	25,083,648	25,083,648	45,639,238	45,639,238	49,750,254	49,750,254
námslán	0	3,783,065	3,602,872	3,563,451	3,470,215	3,504,812	3,423,223
Nettó heildarlaun	74,038,240	64,889,128	65,069,321	95,607,213	95,700,449	101,765,395	101,846,984
Núvirt með 2%	43,063,992	37,082,960	36,987,093	53,880,141	53,823,630	57,986,804	57,935,615

Í visitölum. Ævitekjur félagsmanna VR = 100

	Félagsmenn VR	Ríkisstarfsmenn í BHM Frv. um LÍN	Ríkisstarfsmenn í BHM Núg. LÍN lög	Verkfræðingar í opinb. þjónustu Frv. um LÍN	Verkfræðingar í opinb. þjónustu Núg. LÍN lög	Verkfræðingar á alm. markaði Frv. um LÍN	Verkfræðingar á alm. markaði Núg. LÍN lög
Nettó taxtalaun/dagv. laun	100	83	81	130	130	158	158
Núvirt með 2%	100	78	77	120	119	149	148
Nettó heildarlaun	100	88	88	129	129	137	138
Núvirt með 2%	100	86	86	125	125	135	135

Heimildir:

Byggt á gögnum frá VR

Kjararannsóknarnefnd opinberra starfsmanna

Kjarakönnun Félags viðskiptafræðinga og hagfræðinga 1995